

1. Stjórnarfundur FORMA 2010 – 2011

Staður: Gamli skóli

Dags: 19. október 2010

Tími: kl. 16:30

Mætt: Drífa Þorgrímsdóttir, Herdís Ívarsdóttir, Herdís Zóphóníasdóttir, Ívar Ragnarsson og Ómar Pétursson.

1. Fundarsetning.

Herdís Zóphóníasdóttir setti fund og bauð nýja stjórnarmenn velkomna.

2. Kosning í embætti.

Herdís Ívarsdóttir var kjörin formaður stjórnar FORMA og Ívar Ragnarsson endurkjörinn sem ritari. Ólína Freysteinsdóttir var kjörin fulltrúi FORMA í forvarnarnefnd og Ómar Pétursson var kjörinn sem áheyrnarfulltrúi á skólanefndarfundum.

3. Dreyfibréf til salarleigjenda.

Því miður hefur ekki unnist tími til að senda út bréf til salarleigjenda þar sem FORMA óskar eftir því að ólögráða nemendum séu ekki leigðir salir til partíhalds vegna busa- og böðlapartía.

Herdís Ívarsdóttir mun yfirfara bréf síðasta árs og m.a. bæta inn á það forsvarsmönnum sals sjálfstæðisflokksins sem er í Kaupangi, sals Kívanismanna sem er í Sunnuhlíð og gömlu kirkjunnar í Laxagötu.

Stjórnarmenn eru beðnir um að koma með ábendingar um fleiri sali sem ekki eru á lista okkar. Bréfið fer síðan til Herdísar Zóphóníasdóttur til dreifingar.

4. Skálaferðir.

Eitthvað er um að 1. bekkingar séu að stefna á skálaferðir undir stjórn foreldra og er það fagnaðarefni ef af því getur orðið.

5. Fundartími stjórnarfunda.

Nokkuð var rætt um fundartíma stjórnarfunda félagsins og var niðurstaðan sú að helst væri að hafa fundina á miðvikudögum kl. 16.30 Næsti fundartími er þó alltaf ákveðinn í lok hvers fundar.

Næsti fundur er ákveðinn í Gamla skóla 10. nóv. kl. 16.30

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 17.35

Ívar Ragnarsson
ritari